


Hægt er að kalla fram vinnulista yfir nemendur í Ískrá sem merktir eru með Ófullnægjandi bólusetningastöðu.

Listinn er kallaður fram á eftirfarandi hátt:

- 1) Smella á hnappinn Talning í glugganum Sækja bekk/nemanda

EDA

Smella á hnappinn Talning/listar í bekkjarskrá.




- 2) Í glugganum Talningar sjást vinnulistar hægra megin. Ef velja á lista yfir nemendur með ófullnægjandi bólusetningar er smellt á Ónæmisáðgerðir ófullnægjandi.

- 3) Á listanum sem birtist koma fram nöfn, knt. og bekkur þeirra barna sem eru merkt Ófullnægjandi í bólusetningastöðu ásamt dags. á stofnuðum samskiptum og nýjstu framvindu. Hægt að tvísmella á knt. barns til að opna bólusetningagrunn þess.

Svartur feitletraður texti: Til eru samskipti á nemandann með hjúkrunarviðfangsefninu Ófullnægjandi ónæmisáðgerð. Tilgreind er dags. sem þau voru stofnuð. Hægt er að tvísmella á dags. til að opna samskiptin.

Rauður textir þýðir að engin samskipti hafa verið skráð með hjúkrunarviðfangsefninu Ófullnægjandi ónæmisáðgerð. Hægt að tvísmella á Óskráð samskipti til að stofna ný.



Vinnulisti : ónæmisáðgerðir = ÓFULLNÆGJANDI

Nafn	Kennitala	Samskipti	Framvinda	Bekkur
Alfreð Alfreðsson	020813alf0	Óskráð samskipti	..	4. Bekkur
Andresína Andrésdóttir	180716and0	Óskráð samskipti	..	1. Bekkur
Andrés Önnuson	091016and0	Óskráð samskipti	..	1. Bekkur
Berta Friðriksdóttir	010109ber0	03.03.2023 - samskipti	03.03.2023	8. Bekkur
Bóas Guðnason	101007boa0	Óskráð samskipti	..	10. Bekkur
Böthildur Þjómsdóttir	830414bot0	04.09.2022 - samskipti	03.03.2023	3. Bekkur
Fjóla Bóasdóttir	030307fjo0	Óskráð samskipti	..	10. Bekkur

Dálkurinn **Framvinda** sýnir dagsetningu á nýjstu framvindu(skráningu) í samskiptunum.

Það er [hlutverk skólahjúkrunarfræðinga](#) að skoða skráningu á bólusetningum hjá börnum sem eru merkt **Ófullnægjandi**. Skrá þarf samskipti um hvaða bólusetningu barninu vantar og í framhaldinu hafa samband við foreldra og bjóða þær bólusetningar sem uppá vantar skv. [skipulagi sóttvarnalæknis](#).

Þegar barn hefur fengið þær bólusetningar sem uppá vantaði [breytir](#) viðkomandi skólahjúkrunarfræðingur stöðunni hjá barninu í **Fullnægjandi**.

Ef foreldrar hafa ákveðið að [hafna](#) einni eða fleiri bólusetningum er það skráð og merkt á viðeigandi hátt og staðfesting frá foreldri sett í samskiptin, t.d. afrit úr tölvupósti.

Til að komast í [bólusetningagrunn](#) barns úr listanum er **tvísmellt á kennitölu** þess í vinnulistanum. Til að skrá ný samskipti er hægt að tvísmella á rauða litinn **Óskráð samskipti** og þá verður boðið upp á að stofna ný samskipti.

Nafn	Kennitala	Samskipti	Framvinda	Bekkur
Alfreð Alfreðsson	020813alf0	Óskráð samskipti	. .	4. Bekkur
Andresína Andrésdóttir	180716and0	Óskráð samskipti	. .	1. Bekkur